


Erlendir ríkisborgarar - maí 2004

Undanfarin ár hefur erlendum ríkisborgurum á Íslandi fjölgað verulega. Fjölgunin var einkum áberandi frá 1996 til 2001 enda eru sveiflur í fjölda þeirra sem koma til Íslands með erlent ríkisfang í




meginatriðum tengdar sveiflum í umsvifum í efnahagslífinu. Frá 1996 til 2003 hefur fjöldi þeirra sem hafa erlent ríkisfang tvöfaldast, þannig voru þeir 5.148 árið 1996 en 10.324 árið 2003. Fram til 1996 hafði fólki með erlent ríkisfang fjölgað mun hægar og raunar sveiflast nokkuð til milli ára í takt við þróun efnahagsmála. Þannig voru 3.318 með erlent ríkisfang á Íslandi árið 1981, þannig að á þessu 15 ára tímabili frá 1981 – 1996, fjölgaði erlendum ríkisborgurum um nálægt 1.800 manns í heildina, eða ríflega 100 manns á ári að jafnaði.



Skýringu á auknum fjölda er að leita m.a. í aukinni þörf íslensks efnahagslífs fyrir vinnuafli á síðari hluta 10. áratugarins í kjölfar mjög aukinna umsvifa í efnahagslífinu.

Hvaðan koma erlendir ríkisborgarar og hvar setjast þeir að?

Fram á miðjan síðasta áratug komu flestir erlendir ríkisborgarar frá vestanverðri Evrópu, einkum Norðurlöndunum og svo þeim ríkjum sem nú mynda Evrópusambandið. Þannig voru 42% allra erlendra ríkisborgara frá Norðurlöndunum árið 1981 og var hlutfallið 31% 10 árum síðar. Árið 1981 voru 24% erlendra ríkisborgara frá þeim löndum sem nú mynda Evrópusambandið, að Norðurlöndunum frátöldum, og var hlutfallið svipað 1991, en síðan þá hefur fjölgað mjög erlendum ríkisborgurum annars staðar frá, einkum frá þeim Evrópulöndum sem ekki eru í Evrópusambandinu og eru Pólverjar þar fjölmennastir.



Árið 2001 voru erlendir ríkisborgarar hér á landi með norrænt ríkisfang aðeins um 17% erlendra ríkisborgara og 18% frá öðrum ríkjum Evrópusambandsins. Megin fjölgun erlendra ríkisborgara er að finna meðal fólks frá fyrrum Austur Evrópu og svo frá Asíu eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Þannig voru erlendir ríkisborgarar frá Asíu 1.756 í lok árs 2002, eða um 17% allra erlendra ríkisborgara, samanborið við 119 árið 1981, eða innan við 4%.



Tæplega 60% erlendra ríkisborgara voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu í árslok 2003, samanborið við um 66% þjóðarinnar. Að öðru leyti er dreifing um landið í samræmi við íbúafjölda að Vestfjörðum undanskildum, en þar voru um 8% erlendra ríkisborgara búsettir árið 2003 en aðeins um 4% þjóðarinnar.

Atvinnuþátttaka og atvinnuleysi erlendra ríkisborgara

Þar sem atvinnuleyfi er í flestum tilfellum forsenda þess að útlendingar utan hins evrópska efnahagssvæðis flytjist hingað til lands má reikna með að stærstur hluti þess hóps erlendra ríkisborgara sé á vinnumarkaði. Þeir sem eru á tímabundnum leyfum eiga eðli máls samkvæmt ekki rétt á atvinnuleysisbótum heldur ber þeim að flytjast til síns heimalands missi þeir vinnuna. Um þá sem verið hafa hér á landi í 3 ár eða lengur og hafa fengið óbundið atvinnuleyfi gilda þó sömu reglur og um íbúa evrópska efnahagssvæðisins. Aðrir eru hér á ýmsum forsendum, en gera má ráð fyrir að atvinnuþátttaka þeirra sé að minnsta kosti jafnmikil og meðal íslenskra ríkisborgara þó engar mælingar séu fyrirhugaðar þar um.

Þann 1. des. 2003 voru alls 8.738 íbúar á aldrinum 16-74 ára með erlent ríkisfang búsettir á Íslandi. Atvinnuþátttaka fólks á þessum aldri er um 83% og ef gengið er út frá þeirri tölu voru um 7.250 erlendir ríkisborgarar á vinnumarkaði á síðustu mánuðum ársins 2003.

Í lok nóvember 2003 voru 220 erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá, sem miðað við ofangreindar forsendur þýðir um 3% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara, eða sama hlutfall og meðal landsmanna allra.

Ári fyrr, eða í lok árs 2002, var atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara einnig svipað og landsmanna allra, eða 2,7% á móti 2,8% landsmanna. Heildarfjöldi erlendra ríkisborgara var þá svipaður og í lok árs 2003 og voru þá 197 erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá.

Nánari greining á atvinnuleysi erlendra ríkisborgara

Atvinnuleysi erlendra ríkisborgara er einkum að finna á höfuðborgarsvæðinu. Af þeim 220 sem voru atvinnulausir í lok nóvember 2003 bjuggu 187 á höfuðborgarsvæðinu eða sem svarar 85% af heildarhópnum. Hlutfallið var þó enn hærra árinu áður þegar 91% þeirra erlendu ríkisborgara sem voru atvinnulausir bjuggu á höfuðborgarsvæðinu.

Af þeim 220 erlendu ríkisborgurum sem voru atvinnulausir í lok nóvember 2003 voru flestir á aldrinum 30-39 ára eða 43%, en sá aldurshópur er aðeins 22% af öllum atvinnulausum landsmönnum. Þá voru 14%

atvinnulausra erlendra ríkisborgara á aldrinum 16-24 ára. Meðal allra atvinnulausra á Íslandi voru hins vegar 23% á aldrinum 16-24 ára. Aldurssamsetning atvinnulausra erlendra ríkisborgara er því önnur en meðal allra atvinnulausra og er ástæðan að öllum líkindum sú að aldurssamsetning erlendra ríkisborgara sé önnur en íslensku þjóðarinnar. Meðfylgjandi tafla sýnir aldurssamsetningu erlendra atvinnulausra síðustu 2 ár.

Af þeim 220 erlendu ríkisborgurum sem voru atvinnulausir í nóvember 2003 voru 106 eða 48%

Menntun atvinnulausra erlendra ríkisborgara í lok nóvember 2002 og 2003					
	Nóv. 2002		Nóv. 2003		Þjóðin öll í nóv. 2003
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	
Grunnskólamenntun	94	48%	106	48%	64%
Annað nám á framhaldsskólastigi	20	10%	24	11%	10%
Iðnnám	25	13%	16	7%	7%
Stúdent	24	12%	34	16%	8%
Háskólanám	34	17%	40	18%	10%
Alls	197	100%	220	100%	100%

með grunnmenntun en með háskólamenntun um 18%. Meðal allra á atvinnuleysisskrá voru 10% með háskólamenntun en 64% með grunnmenntun. Erlendum ríkisborgurum á Íslandi með menntun umfram grunnmenntun virðist því hættara við atvinnuleysi en Íslendingum sem hafa menntun umfram grunnmenntun. Ef stúdentsprófi er bætt við er þriðji hver erlendur ríkisborgari sem er atvinnulaus með stúdentspróf og háskólapróf, en aðeins 18% landsmanna allra. Ekki er um afgerandi breytingar að ræða milli árána 2002 og 2003. Staða iðnlærðra erlendra ríkisborgara virðist hafa batnað en fólks með stúdentspróf versnað. Líklegt er þó að tilviljun ráði mestu um þetta enda einstaklingarnir fáir.

með grunnmenntun en með háskólamenntun um 18%. Meðal allra á atvinnuleysisskrá voru 10% með háskólamenntun en 64% með grunnmenntun. Erlendum ríkisborgurum á Íslandi með menntun umfram grunnmenntun virðist því hættara við atvinnuleysi en Íslendingum sem hafa menntun umfram grunnmenntun. Ef stúdentsprófi er bætt við er

Atvinnuleysi erlendra ríkisborgara skiptist nokkuð öðruvísi á atvinnugreinar en landsmanna allra. Þannig höfðu 20% atvinnulausu erlendu ríkisborgaranna verið starfandi innan hótél- og veitinga-geirans samanborið við 6% atvinnulausra í heild. Einnig er atvinnuleysi erlendu ríkisborgaranna meira áberandi í iðnaði, en 21% þeirra höfðu verið starfandi í iðnaði samanborið við 13% landsmanna allra, í

Atvinnuleysi erlendra ríkisborgara eftir atvinnugreinum Í lok nóvember 2002 og 2003					
	Nóv. 2002		Nóv. 2003		Þjóðin öll í nóv. 2003
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	
Landbúnaður	5	3%	7	3%	2%
Fiskveiðar	4	2%	1	0%	4%
Fiskvinnsla	21	11%	19	9%	8%
Iðnaður	33	17%	47	21%	13%
Byggingariðnaður	15	8%	15	7%	7%
Verslun og viðg.	17	9%	18	8%	16%
Hótel og veitingah.	32	16%	43	20%	6%
Samg. og fjarsk.	7	4%	8	4%	7%
Ýmis þjónustust.	13	7%	17	8%	9%
Opinber þjónusta	25	13%	25	11%	16%
Ýmis starfsemi	25	13%	20	9%	10%
Alls	197	100%	220	100%	100%

nóvember 2003. Atvinnuleysi erlendra ríkisborgara er á hinn bóginn minna í verslun og viðgerðarþjónustu en meðal landsmanna allra, sem og í samgöngum og fjarskiptum og opinberri þjónustu.

Breytingar milli ára eru ekki miklar. Þó hefur atvinnulausum erlendum ríkisborgurum fjölgað í iðnaði, úr 33 í 47, eða úr 17% í 21%, og í hótél og veitingaþjónustu úr 32 í 43, eða úr 16% í 20% atvinnulausra erlendra ríkisborgara.

atvinnuleysi erlendra ríkisborgara og landsmanna allra eftir atvinnugreinum eru eflaust að hluta til þær að erlendir ríkisborgarar hafa sótt í mun meira mæli í störf í iðnaði og veitingastarfsemi, og því birtast

Ný tímabundin atvinnuleysi 2003 flokkuð niður eftir tegund starfa		
	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnendur, sérfræðingar...	81	14%
Umönnun, heimilishjálp...	13	2%
Ræstingar, uppvask...	33	6%
Matreiðsla, þjónar...	6	1%
Afgreiðsla, lager...	17	3%
Byggingariðnaður (Kárahnjúkar)	83	15%
Málm- og rafíðnaður	16	3%
Ýmis iðnaður, matvælaframleiðsla	30	5%
Kjötiðnaður og slátrun	63	11%
Landbúnaður	21	4%
Fiskvinnsla	68	12%
Íþróttamenn og þjálfarar	73	13%
Dansarar	55	10%
Veitur	4	1%
	563	100%

Ástæður þessa munar á þeir í þeim atvinnugreinum í meira mæli en öðrum þegar atvinnuleysi eykst. Þó getur verið að atvinnuleysi bitni harðar á erlendum ríkisborgurum innan þessara greina en Íslendingum, þó erfitt sé að skýra af hverju svo ætti að vera.

Ekki eru til upplýsingar um í hvaða atvinnugreinar eða í hvers konar störf útflendingar sækja sem koma af evrópska efnahagssvæðinu. Hins vegar er skráð til hvers konar starfa atvinnuleysi eru veitt, en ekki þó greint eftir atvinnugreinum. Undanfarin ár hafa flest útgefin atvinnuleysi verið vegna starfa í fiskvinnslu, þó hlutfallið hafi minnkaði síðustu ár. Á síðasta ári voru þannig aðeins 12% nýrra atvinnuleyfa veitt vegna fiskvinnslustarfa. Þetta er þó hátt hlutfall ef miðað er við að aðeins rúm 3% landsmanna starfa við fiskvinnslu. Um 20% atvinnuleyfa voru vegna starfa í iðnaði af ýmsu tagi, en 10% landsmanna starfa við iðnað.

Útgefin atvinnuleysi vegna starfa við umönnun og heimilishjálp, ræstingar og uppvask, og matreiðslu eða framreiðslu hefur fækkað mikið

samfara versnandi efnahagsástandi. Sama má segja um atvinnuleysi vegna starfa í byggingariðnaði, sem voru mjög áberandi á árunum 2000 og 2001, en þeim hafði fækkað mjög 2002. Nokkur aukning var aftur 2003 en einkum er þar um að ræða sérhæft starfsfólk við Kárahnjúkavirkjun.